

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 226/2022

2023/EES/24/26

frá 8. júlí 2022

um breytingu á bókun 31 (samvinna á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins)
og bókun 32 (fjárhagsfyrirkomulag vegna framkvæmdar 82. gr.) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 86. gr. og 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Rétt er að auka umfang samstarfs samningsaðilanna að EES-samningnum þannig að það taki til reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/523 frá 24. mars 2021 um að koma á fót InvestEU-áætlun Evrópusambandsins og um breytingu á reglugerð (ESB) 2015/1017 ⁽¹⁾.
- 2) Fjárframlög EFTA-ríkjanna til ESB-ábyrgðarinnar (e. EU guarantee) eru leyfð skv. 5. gr. reglugerðar (ESB) 2021/523 í því skyni að taka þátt í tilteknum fjármálaafurðum innan ESB-hluta InvestEU-sjóðsins. Framlögum EFTA-ríkjanna til veitingar ESB-ábyrgðarinnar getur fylgt bak-ábyrgð sem tekur til viðkomandi ábyrgðarskuldbindingar í tengslum við ESB-ábyrgðina. Að öðrum kosti geta EFTA-ríkin einnig lagt fram fullt framlag til InvestEU-sjóðsins í reiðufé.
- 3) Skilyrði þátttöku EFTA-ríkjanna og stofnana þeirra, fyrirtækja, samtaka og ríkisborgara í áætlunum Evrópusambandsins eru sett fram í EES-samningnum, einkum 81. gr. samningsins.
- 4) Reglugerð ráðsins (ESB) 2020/2094 frá 14. desember 2020 um að koma á fót endurbótageringi Evrópusambandsins til að styðja við endurbætur í kjölfar COVID-19-hættuástandsins ⁽²⁾ úthlutar ytri mörkuðum viðbótartekjum til viðbótar til InvestEU-áætlunar Evrópusambandsins sem komið var á með reglugerð (ESB) 2021/523. Rétt er að skýra í bókun 32 um fjárhagsfyrirkomulag vegna framkvæmdar 82. gr. EES-samningsins að við útreikning á fjárframlögum EFTA-ríkjanna til fjárfestingaráætlunar Evrópusambandsins skuli grundvöllurinn við útreikninginn hækkaður um fjárveitingar sem samsvara ytri mörkuðum tekjum samkvæmt 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins (ESB) 2020/2094 í tengslum við þátttöku þeirra í þeirri áætlun.
- 5) Því ber að breyta bókun 31 og 32 við EES-samninginn til samræmis við þetta, svo hið aukna samstarf geti hafist frá 1. janúar 2022,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi grein bætist við á eftir 19. gr. (Að draga úr efnahagslegu og félagslegu misvægi) í bókun 31 við EES-samninginn:

*„20. gr.***Að bæta samkeppnishæfni og félagslega og efnahagslega samleitni og samheldni samkvæmt InvestEU-áætlun Evrópusambandsins**

1. EFTA-ríkin skulu frá 1. janúar 2022 taka þátt í starfsemi sem kann að leiða af eftirfarandi lagagerð Sambandsins:
 - **32021 R 0523:** Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/523 frá 24. mars 2021 um að koma á fót InvestEU-áætlun Evrópusambandsins og um breytingu á reglugerð (ESB) 2015/1017 (Stjútö. ESB L 107, 26.3.2021, bls. 30).
2. EFTA-ríkin skulu ekki taka þátt í InvestEU-ráðgjafasetrinu.

⁽¹⁾ Stjútö. ESB L 107, 26.3.2021, bls. 30.⁽²⁾ Stjútö. ESB L 433I, 22.12.2020, bls. 23.

3. EFTA-ríkin geta valið að taka þátt í einni eða fleiri fjármálaafurðum undir ESB-hluta InvestEU-sjóðsins. Framlag EFTA-ríkjanna skal byggjast á áhættusniði þeirra fjármálaafurða sem þau kjósa að taka þátt í. Framlag EFTA-ríkjanna skal hækka ESB-ábyrgðina.
4. Við útreikning á fjárframlagi EFTA-ríkjanna til InvestEU-sjóðsins skal hlutfallsstuðullinn, sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 82. gr. EES-samningsins um fjárlagaliði, ekki gilda. Í samræmi við 8. gr. bókunar 32 skulu EFTA-ríkin gera framlagssamninga við ESB sem framkvæmdastjórnin er í forsvari fyrir. Með framlagssamningunum skal ákvarða fjárhæðir fjárframlaga EFTA-ríkjanna til ESB-ábyrgðarinnar, mæla fyrir um skilmála og skilyrði fyrir notkun þessa framlags, ákvarða tíðni og fjárhæðir greiðslu framlagsins og setja reglur um endurgreiðslu ónotaðra fjármuna og tekna til EFTA-ríkjanna.
5. Þegar framlag EFTA-ríkjanna til ESB-ábyrgðarinnar er ekki að veita fullnægjandi tryggingu í reiðufé, þ.e. tryggingin er undir 100%, skulu EFTA-ríkin skuldbinda sig til að standa straum af viðkomandi ábyrgðarskuldbindingum með óafturkallanlegri, skilyrðislausri og óbundinni bakábyrgð. Bakábyrgðin skal veitt á sama tíma og framlagssamningur er undirritaður.
6. Liechtenstein skal undanþegið þátttöku í þessari áætlun og fjárframlagi til hennar.“

2. gr.

Eftirfarandi kemur í stað texta 10. mgr. 1. gr. bókunar 32 við EES-samninginn:

„10. Við útreikning á rekstrarframlagi skv. a- og b-lið 82. gr. samningsins skal hækka fjárveitingar til skuldbindinga og greiðslna sem tilgreindar eru í fjárlögum Evrópusambandsins sem hafa verið endanlega samþykkt fyrir viðkomandi ár til að fjármagna Horizon Europe - áætlunina (sem komið var á með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/695), InvestEU-áætlun Evrópusambandsins (sem komið var á með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/523) og Almannavarnakerfi Sambandsins (sem fellur undir ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1313/2013/ESB) um fjárveitingar sem samsvara ytri mörkuðum tekjum sem úthlutað hefur verið til þessara aðgerða samkvæmt 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins (ESB) 2020/2094 frá 14. desember 2020 um að koma á fót endurbótageringi Evrópusambandsins til að styðja við endurbætur í kjölfar COVID-19-hættuástandsins ⁽³⁾.“

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að síðasta tilkynning, samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins, hefur farið fram (*).

Hún kemur til framkvæmda frá 1. janúar 2022.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 8. júlí 2022.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Kristján Andri Stefánsson

formaður

⁽³⁾ Stjttð. ESB L 433I, 22.12.2020, bls. 23.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.